

AUGLÝSING

um samstarfsríkissamning milli Íslands og Veðurgervihnattastofnunar Evrópu (EUMETSAT).

Samstarfsríkissamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Veðurgervihnattastofnunar Evrópu (EUMETSAT), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 2005, öðlaðist gildi 12. apríl 2006.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 19. apríl 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMSTARFSRÍKISSAMNINGUR MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG VEÐURGERVIHNATTASTOFNUNAR EVRÓPU (EUMETSAT)

Formálsorð.

Veðurgervihnattastofnun Evrópu (EUMETSAT), stofnuð með samningi sem lagður var fram til undirritunar í Genf 24. maí 1983 og öðlaðist gildi 19. júní 1986, eins og honum var breytt með breytingaviðauka sem fylgir ályktun ráðsins EUM/C/Res. XXXVI er öðlaðist gildi 19. nóvember 2000, með framkvæmdastjórnann sem sinn fulltrúa

og

ríkisstjórn Íslands, með umhverfisráðherra sem sinn fulltrúa,

TAKA TILLIT TIL inngöngu Evrópulanda í Evrópusambandið og stofnunar Evrópska efnahagssvæðisins (EES),

TAKA TILLIT TIL þess að Ísland er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og aðili að samningnum við aðildarríki Evrópusambandsins um stofnun Evrópska efnahagssvæðisins (EES),

TAKA TILLIT TIL langvarandi samvinnu Evrópulanda á sviði veðurfræði innan ramma Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO),

MEÐ ÞAÐ Í HUGA að frumtilgangur EUMETSAT er að koma á fót, viðhalda og nýta evrópsk kerfi virkra veðurgervihnatta, að teknu tilliti til meðmæla WMO eftir fremsta megni, og að frekara markmið sé að stuðla að virkri vöktun á veðurfari og mæla breytingar á veðurfari heimsins,

MEÐ ÞAÐ Í HUGA að 2. gr. EUMETSAT-samningsins gerir EUMETSAT kleift að gera samning við önnur ríki en aðildarríki til að ná fram markmiðum sínum og í samræmi við veðurfræðihefðir,

AÐ TEKNU TILLITI TIL óskar EUMETSAT um að koma á framfæri notkun gagna EUMETSAT, vörum og þjónustu í ríkum mæli í Evrópu og með áherslu á þá þörf að víkka kostunargrunn EUMETSAT,

AÐ TEKNU TILLITI TIL þess að EUMETSAT-ráðið, á 34. fundi sínum 24.-26. júní 1997, hefur skilgreint stöðu „samstarfsríkis“ sem millistig fyrir Evrópulönd sem óska eftir að verða fullgild aðildarríki EUMETSAT,

SAMKVÆMT þeirri ósk Íslands að verða samstarfsríki EUMETSAT innan rammaákvæðanna sem EUMETSAT-ráðið samþykkti á 34. fundi sínum 24.-26. júní 1997,

Í SAMRÆMI VIÐ 2., 5., 10. og 11. gr. EUMETSAT-samningsins,

HAFA SAMÞYKKT EFTIRFARANDI:

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur þessa samnings er að skapa langvarandi ramma fyrir náð samstarf EUMETSAT og Íslands og skilgreina réttindi og skyldur Íslands sem samstarfsríkis EUMETSAT.

2. gr.

Aðgangur að gögnum, vöru og þjónustu EUMETSAT.

1. Ísland skal sem samstarfsríki hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki EUMETSAT hvað varðar aðgang, nýtingu og dreifingu á gögnum EUMETSAT, vörum og þjónustu.
2. Ákvæði og skilmálar um aðgang, nýtingu og dreifingu á gögnum EUMETSAT, vörum og þjónustu eru skilgreind í gagnastefnu EUMETSAT og samþykkt af EUMETSAT-ráðinu. Þessi ákvæði og skilmálar kunna að greina á milli skylduþátta og valþátta.
3. Hvað varðar gögn þriðja aðila sem EUMETSAT dreifir eða gögn frá kerfum sem EUMETSAT hefur stofnað í samstarfi við þriðju aðila er aðgangur, nýting og dreifing Íslands á slíkum gögnum háð samþykki viðkomandi þriðja aðila.
4. Hvað varðar gögn sem vísað er til í 3. mgr. hér að framan mun EUMETSAT styðja Ísland í samningaviðræðum við viðkomandi þriðju aðila um aðgang og nýtingarrétt sem er sambærilegur þeim sem gildir um aðildarríki EUMETSAT.

3. gr.

Ráðgjafarnefnd EUMETSAT fyrir samstarfsríki.

1. Ísland skal tilnefna einn fulltrúa frá Veðurstofu Íslands til að sitja í ráðgjafarnefnd EUMETSAT fyrir samstarfsríki (EACCS) sem er dótturstofnun EUMETSAT-ráðsins, og stofnuð samkvæmt verklagsreglum þess.
2. Þjóða skal EACCS að formaður hennar sitji fundi ráðsins, í samræmi við verklagsreglur þess. Ráðið getur einnig ákveðið að þjóða formanni EACCS á fundi dótturstofnana, ef það á við.

4. gr.

Fjárframlag.

1. Fjárframlag Íslands til árlegra fjárlaga EUMETSAT skal vera hálf sú upphæð sem Ísland þyrfti að borga sem aðildarríki samkvæmt samningnum um EUMETSAT. Þetta hlutfall skal reiknað af heildarupphæð framlaga aðilarríkja og samstarfsríkja í árlegum fjárlögum EUMETSAT.
2. Árlegt framlag Íslands skal aldrei vera lægra en 130.000 evrur.
3. Árlegt framlag Íslands skal greitt í evrum.
4. Greiðsluform framlags Íslands skal vera það sama og gildir um aðildarríki samkvæmt fjárhagsreglum EUMETSAT.
5. Árlegt framlag Íslands til EUMETSAT skal vera með fyrirvara um þriggja ára aðlögunartíma þar sem framlag Íslands verður fyrst fjórðungur, þá helmingur og síðan þrjú fjórðungar af framlaginu eins og það er skilgreint í 1. mgr. hér að framan. Árlegt framlag á þessum aðlögunartíma skal þó ekki vera lægra en sem nemur lágmarksupphæðinni sem skilgreind er í 2. mgr. hér að framan.
6. Ísland skal byrja að leggja fram fé til árlegra fjárlaga EUMETSAT frá 1. janúar 2006.

5. gr.

Ábyrgð.

1. Aðilar afsala sér hér með öllum kröfum hvor á hendur hinum hvað varðar meiðslí á fólki eða eignatjón sem verður vegna þessa samnings nema hvað varðar kröfur sem verða til vegna vanrækslu að yfirlögðu ráði.
2. EUMETSAT er hvorki skuldbundin hvað varðar samfellu eða aðgengi að gögnum, vöru eða þjónustu sem þessi samningur nær til né gæði eða nothæfi slíkra gagna, vöru eða þjónustu í einhverjum tilgangi.

6. gr.

Lausn deilna.

1. Deilum um túlkun eða framkvæmd ákvæða þessa samnings sem ekki verða leystar í sátt og samlyndi skal vísað til gerðardóms ef annar aðilanna fer fram á það.
2. Gerðadómsmeðferðin skal vera eins og kveðið er á um í EUMETSAT-samningnum.

7. gr.

Gildistaka, gildistími og endurskoðun.

1. Þessi samningur er háður staðfestingu Íslands samkvæmt íslenskum lögum og tekur gildi við móttöku EUMETSAT á formlegri tilkynningu um staðfestingu. Samningurinn gildir til 31. desember 2010.
2. Á þriðja ári gildistíma samningsins skulu aðilar taka samstarf sitt til formlegrar endurskoðunar með það í huga að Ísland gerist fullgilt aðildarríki að EUMETSAT. Ef sérstaklega stendur á kemur til greina að íhuga endurnýjun á þessum samningi til lengri tíma.

8. gr.

Breytingar.

Þessum samningi má breyta með skriflegu samkomulagi milli aðilanna.

9. gr.

Uppsögn.

Báðir aðilar geta sagt upp þessum samningi með skriflegri tilkynningu fyrir lok þess tíma sem er tilgreindur í grein 7.1. Uppsögnin tekur gildi í lok fjárhagsársins á því ári sem tilkynnt er um uppsögn.

Ef Ísland uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt þessum samningi hefur EUMETSAT rétt til að segja samningnum upp að undangenginni ákvörðun EUMETSAT-ráðsins. Þessi ákvörðun tekur gildi í lok fjárhagsársins á því ári sem hún er tekin.

Þessu til staðfestingar hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir þennan samning.

Gert og undirritað í tveimur frumeintökum á ensku, einu fyrir hvorn aðila, í Reykjavík hinn 12. desember 2005.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Sigríður Anna Þórðardóttir
umhverfisráðherra

Fyrir hönd EUMETSAT
Dr. Lars Prahm
framkvæmdastjóri

**COOPERATING STATE AGREEMENT
BETWEEN
THE GOVERNMENT OF ICELAND
AND
THE EUROPEAN ORGANISATION
FOR THE
EXPLOITATION OF METEOROLOGICAL SATELLITES
(EUMETSAT)**

Preamble.

The European Organisation for the Exploitation of Meteorological Satellites (EUMETSAT), established by the Convention opened for signature in Geneva on 24 May 1983 and entered into force on 19 June 1986, as amended by the Amending Protocol attached to Council Resolution EUM/C/Res. XXXVI, which entered into force on 19 November 2000, represented by its Director-General,

and

The Government of Iceland, represented by the Minister for the Environment,

TAKING INTO ACCOUNT the process of integration of European countries with the European Union and the establishment of the European Economic Area (EEA),

TAKING INTO ACCOUNT that Iceland is a Member State of the European Free Trade Association (EFTA), and a party to the Agreement with the European Union Member States on the establishment of the European Economic Area (EEA),

TAKING INTO ACCOUNT the long-standing cooperation among European countries in the field of meteorology within the framework of the World Meteorological Organization (WMO),

BEARING IN MIND that the primary objective of EUMETSAT is to establish, maintain and exploit European systems of operational meteorological satellites, taking into account as far as possible the recommendations of the WMO, and that a further objective is to contribute to the operational monitoring of the climate and the detection of global climatic changes,

BEARING IN MIND Article 2 of the EUMETSAT Convention, which invites EUMETSAT to conclude agreements with non-Member States for the purpose of achieving its objectives and in conformity with meteorological tradition,

CONSIDERING EUMETSAT's wish to promote the use of EUMETSAT data, products and services at a wider European level and stressing the need to extend the EUMETSAT funding base,

CONSIDERING that the EUMETSAT Council, at its 34th meeting on 24-26 June 1997, has defined the "Cooperating State" status as an intermediate step for European countries wishing to become full EUMETSAT Member States,

FOLLOWING the wish expressed by Iceland to become an EUMETSAT Cooperating State within the framework conditions established by the EUMETSAT Council at its 34th meeting on 24-26 June 1997,

IN ACCORDANCE WITH Articles 2, 5, 10 and 11 of the EUMETSAT Convention.

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Purpose.

The purpose of this Agreement is to provide a long-term continuing framework for close cooperation between EUMETSAT and Iceland and to define Iceland's rights and obligations as a EUMETSAT Cooperating State.

Article 2

Access to EUMETSAT Data, Products and Services.

1. As a Cooperating State, Iceland shall have the same rights and obligations as EUMETSAT Member States concerning access, utilisation and distribution of EUMETSAT data, products and services.
2. The terms and conditions for access, utilisation and distribution of EUMETSAT data, products and services are defined in the EUMETSAT Data Policy and agreed by the EUMETSAT

- Council. These terms and conditions may distinguish between mandatory and optional programmes.
- Concerning third party data distributed by EUMETSAT, or data from systems established by EUMETSAT in cooperation with third parties, the access, utilisation and distribution of such data by Iceland is subject to agreement by the relevant third party.
 - Concerning data referred to in paragraph 3 above, EUMETSAT will support Iceland in negotiating with the relevant third party access and utilisation rights equivalent to those applicable to EUMETSAT's Member States.

Article 3

EUMETSAT Advisory Committee of Cooperating States.

- Iceland shall nominate one representative from the Icelandic Meteorological Office to be a member of the EUMETSAT Advisory Committee of Cooperating States (EACCS), which is established as a subsidiary body of the EUMETSAT Council, under the EUMETSAT Council Rules of Procedure.
- The EACCS shall be invited to be represented at sessions of the Council by its Chairperson, in accordance with the Council's Rules of Procedure. Council may also decide to invite the Chairperson of EACCS to subsidiary bodies, if appropriate.

Article 4

Financial Contribution.

- The rate of contribution of Iceland to the EUMETSAT Annual Budgets shall be one half of the rate of contribution that Iceland would have to pay under the provisions of the EUMETSAT Convention, were it a Member State. This rate shall be applied to the overall amount funded by contributions from Member States and Cooperating States within the EUMETSAT Budgets.
- The annual contribution of Iceland shall in no case be lower than 130,000 EUR.
- The annual contribution of Iceland shall be paid in EUR.
- The methods of payment of Iceland's annual contribution shall be the same as those established for Member States in the EUMETSAT Financial Rules.
- The annual contribution of Iceland to EUMETSAT shall be subject to a three-year transition period, during which Iceland's contribution will be successively one quarter, one half, and three quarters of the contribution as defined in paragraph 1 above. The annual contribution applicable during this transition period shall however not be lower than the minimum contribution defined in paragraph 2 above.
- Iceland shall start to contribute to the EUMETSAT Annual Budgets from 1 January 2006.

Article 5

Liability.

- The Parties hereby waive any of their claims against each other for any injury to persons or damage to property arising out of this Agreement except for claims arising out of wilful misconduct.
- EUMETSAT shall have no commitment to the continuity or availability of the data, products or services covered by this Agreement or to the quality or suitability for any purpose of such data, products or services.

Article 6

Settlement of Disputes.

- Any dispute on the interpretation or implementation of the terms of this Agreement which cannot be settled amicably shall be subject to arbitration at the request of either Party.
- The arbitration procedure shall be as set out in the EUMETSAT Convention.

Article 7

Entry into Force, Duration and Review.

- This Agreement is subject to acceptance by Iceland according to its national legislation and

shall enter into force on the date of receipt by EUMETSAT of the formal notification of acceptance. This Agreement shall remain in force until 31 December 2010.

2. During the third year following the entry into force of this Agreement, the Parties shall proceed to a formal review of their cooperation with a view to accession by Iceland to EUMETSAT as a full Member State. Exceptionally, renewal of this Agreement for further periods may be considered.

Article 8
Amendments.

This Agreement may be amended by written agreement between the Parties.

Article 9
Termination.

1. This Agreement may be terminated upon written notice by either Party before the end of the period defined in Article 7.1. The termination shall take effect at the end of the financial year following that during which it was notified.
2. Should Iceland fail to fulfil its obligations under this Agreement, EUMETSAT shall be entitled to terminate the Agreement upon decision taken by the EUMETSAT Council. This decision shall take effect at the end of the financial year during which it was taken.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned being duly authorised, have signed this Agreement. Done and signed in two originals in the English language, one for each Party of this Agreement, in Reykjavik on 12th December 2005.

For the Government of Iceland
Sigridur Anna Thordardottir
Minister for the Environment

For EUMETSAT
Dr. Lars Prahm
Director-General